



VINNUSTAÐASAMNINGUR

Með vísan til ákvæða kjarasamnings VM, Samiðnar – Sambands iðnfélaga og Rafiðnaðarsambands Íslands við Samtök atvinnulífsins, sem dagsettir eru 03.05.2019 (hér eftir vísað til sem almennir kjarasamningar), um fyrirtækjapátt gera starfsmenn í framleiðslu Marel á Íslandi (óháð því í hvaða félagi þeir eru aðilar að) og Marel Iceland ehf. með sér eftirfarandi samning:

1. VINNUTÍMA- OG VIÐVERUKERFI

Samkvæmt samningi þessum er virkur vinnutími í dagvinnu að jafnaði 7 klst. og 10 mín. Virkur vinnutími í dagvinnu á viku er að jafnaði 35 klst. og 50 mín. Í meðaltalsmánuði eru 4,333 vikur og er því virkur vinnutími í meðalmánuði samtals 155,27 klst.

Fjallað er um vinnutíma og viðverukerfi starfsmanna stoðliða er starfa á vöktum í samningi þar um en um vinnutíma- og viðverukerfi dagvinnustarfsmanna gildir eftirfarandi:

Dagvinnutímabil er frá 7:00-17:00 alla virka daga vikunnar. Að öllu jöfnu miðast almenn mæting við 7:30 en heimilt er að semja um mætingu fyrir eða síðar. Dagvinnutími er að öðru leyti sveigjanlegur í samráði við fyrirliða.

Starfsmaður gerir samkomulag við fyrirliða um það hvort vinnuvikan sé jafndreifð eða unnið sé skemur á föstudögum sbr. neðangreind dæmi:

	Jafndreifing	Styttri föstudagur
Vinnutími	07:30 – 15:30 = 8:00	Mán- Fim: 07:30 – 16:00 = 8:30 Fös: 07:30 – 13:30 = 6:00
Viðvera á viku (allt innifalið)	5*8:00 = 40:00	4*8:30 + 1*6:00 = 34 + 6 = 40:00
Hádegismatur	5*00:30 = 2:30 / viku	5*00:30 = 2:30 / viku
Kaffitími fyrir hádegi	5*00:20 = 1:40 / viku	5*00:20 = 1:40 / viku
Virkur vinnutími	40:00 – 2:30 = 37:30 37:30 – 1:40 = 35:50	40:00 – 2:30 = 37:30 37:30 – 1:40 = 35:50
Greiddur tími	35 dagvinnustundir og 50 mínútur. Allt umfram 35 klst og 50 mín greiðist sem yfirvinna	35 dagvinnustundir og 50 mínútur. Allt umfram 35 klst og 50 mín greiðist sem yfirvinna

FM

IRÁ
KJBM
GMB

Hádegismatartími, 30 mínútur, telst ekki hluti vinnutíma. Neysluhlé (kaffítímar) í dagvinnu teljast ekki hluti vinnutímans. Neysluhlé fyrir hádegi er eitt, stendur í 20 mínútur. Leitast er við að hafa neysluhlé á sama tíma en sveigjanleiki þegar best hentar starfseminni að mati fyrirlíða Viðvera með neysluhléum í dagvinnu á viku er því 37 klst og 30 mínútur.

Yfirmanni framleiðslu er heimilt að stýra matartíma innan tímabilsins 11:30 til 13:00 vegna nýtingar mótuneytis.

Með þessum samningi gengur Marel lengra en almennt gerist í að stytta vinnuviku starfsfólks í framleiðslunni. Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur ávinningur verði af samningnum og með styttingu vinnuvikunnar muni framleiðni aukast í framleiðslueiningu Marel á Íslandi. Til þess mun starfsfólk leita leiða í gegnum stöðugar umbætur til að viðhalda afköstum þrátt fyrir styttri vinnutíma, svo sem með því að einfalda verklag, minnka sóun, bæta nýtingu vinnutíma, stytta boðleiðir og auka öryggi. Starfsfólk mun sýna frumkvæði og hugkvæmni í umbótavinnunni sem unnin er í hverju vinnuteymi.

Fyrirkomulag styttingu vinnuvikunnar verður metið í apríl 2021 með tilliti til þess ávinnings sem starfólk og fyrirtækið væntir af því.

2. UM YFIRVINNU

Fyrir allar stundir unnar umfram dagvinnu í mánuði (meðalmánuður er 155,27 klst) og neysluhlé er greitt yfirvinnukaup sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Yfirvinna á hverjum tíma ræðst af fyrirliggjandi verkefnum og skal eingöngu unnin að beiðni fyrirlíða eða framleiðslustjóra.

Í þeim tilfellum sem yfirvinna liggur fyrir er gert ráð fyrir 10 mínútna neysluhléi kl. 16:00.

Í þeim tilvikum sem liggur fyrir yfirvinna í vikulok er stefnt að því að vinna lengur á föstudögum í stað þess að vinna laugardag eða sunnudag. Sé unnið á laugardögum er gert ráð fyrir því að vinna hefjist kl. 7:30 og vinnu ljúki ekki síðar en kl. 15:00. Á laugardögum er kaffítími frá kl. 9:00 til kl. 9:20 og matartími frá kl. 11:30 til 12:00. Á laugardögum telst kaffítími og matartími hluti vinnutíma. Ef unnið er fram yfir kl. 13:00 á laugardögum þá greiðist 0,5 klukkustund sem viðbótartími í stað klukkustundar í matartíma. Á matartíma á laugardögum stendur starfsmönnum til boða máltíð þeim að kostnaðarlausu.

Almenn regla er að ekki er unnið lengur en til kl. 18:30 á kvöldin. Í undantekningartilvikum getur þurft að vinna lengur en til 18:30 á kvöldin og er þá 30 mínútna neysluhlé kl 18:30 til 19:00 og er það greitt sem vinnutími. Í þeim tilvikum sem unnið er lengur en til kl. 18:30 á virkum dögum leggur fyrirtækið starfsmönnum til fæði. Ef unnið er fram yfir kvöldmatartíma er greidd 0,5 klukkustundar viðbótartími.

Að öðru leyti gildir um neysluhlé í yfirvinnu og hvíldartímaákvæða vísast til almennra kjarasamninga.

JK
FM

3. LAUNAKERFI

Launatöflur byggja á menntun, starfsaldri og frammistöðu. Launaflokkar eru uppbyggðir skv. meðfylgjandi töflu:

	Prep:	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Ófaglærðir og nemar	Nýráðning											
“	3 mán.											
“	1 ár											
“	3 ár											
“	5 ár											
“	7 ár											
“	10 ár											
Faglærðir	Nýráðning											
“	3 mán.											
“	1 ár											
“	3 ár											
“	5 ár											
“	7 ár											
“	10 ár											

Grunnflokkarnir eru tveir:

1. Ófaglærðir og nemar
2. Faglærðir

Í hvorum grunnflokki eru sjö starfsaldursþrep. Laun hækka um 3% á milli starfsaldursþrepa: 1.

1. Nýráðning
2. 3 mán.
3. 1 ár
4. 3 ár
5. 5 ár
6. 7 ár
7. 10 ár

Starfsaldur hjá Marel reiknast frá fyrsta starfsdegi. Í hverju starfsaldursþrepi eru þrep sem metin eru eftir frammistöðu. Við mat á frammistöðu er tekið mið af frammistöðumatskerfi Marel sem byggir á markmiðasetningu og mati á ólíkum hæfnisþáttum fyrir hvern starfaflokk. Frammistöðutengdar launabreytingar munu byggja á slíku mati. Frammistöðumat fer fram einu sinni á ári. Fyrsta frammistöðumat starfsmanns fer fram áður en að fastráðningu kemur. Fyrirliði er umsagnaraðili um frammistöðu en ákvörðun um launabreytingu er í höndum yfirmanns framleiðslu eða framleiðslustjóra. Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári.

Byrjunarlaun (nýráðning) í hverjum grunnflokki hækka sem hér segir:

1. apríl 2019

kr. 17.000

JK
FM

1. apríl 2020	kr. 18.000
1. janúar 2021	kr. 15.750
1. janúar 2022	kr. 17.250

Launatafla er uppfærð árlega við hverja kjarasamningshækkun og er aðgengileg hjá trúnaðarmönnum og yfirmönnum framleiðslu. Miða skal við að hækkun komi á byrjunarlaun í launatöflu (þrep 1), en skal reiknað upp frá því út töfluna þannig að alltaf séu 3% á milli starfsaldursþrepa í hverjum hæfnisflokki.

4. ÝMIS ÁKVÆÐI

4.1 Fyrirliðaálag

Fyrirliðum er greitt 20% álag á mánaðarlaun vegna fyrirliðastarfsins. Fyrirliðaálagið fylgir fyrirliðahlutverkinu en ekki starfsmanninum. Ef starfsmanni er falið að leysa af fyrirliða greiðist 20% álag á mánaðarlaun þá daga sem starfsmaður starfar sem fyrirliði.

4.2 Færsla yfirvinnu yfir í frídaga

Í stað greiðslu fyrir yfirvinnu umfram fastan vinnutíma er starfsmönnum heimilt að safna allt að átta frídögum á ári með eftirfarandi hætti: Fyrir hverja yfirvinnustund sem breytt er í orlof fæst ein dagvinnuklst. orlofs, en yfirvinnuálag fyrir sömu klst. er greitt með hefðbundnum hætti. Taka frídaga skal vera í samræmi við reglur Marel um vetrarorlof.

Til að öðlast 8 daga orlof : $7,165 \text{ klst} \times 8 \text{ dagar} = 57,32 \text{ klst}$ $7,165 \times 8 = 57,32 / 12 = 4,78 \text{ klst}$ pr mánuð.

Ef engin yfirvinna stendur til boða þá er starfsmönnum sem óska eftir að safna vetrarfrii heimilt að safna frídögum innan dagvinnutímabils.

4.3 Veikindi og fjarvera

Við fastráðningu hjá Marel er starfsmönnum heimilt að verja samtals tólf vinnudögum á föstum launum og vaktarálagi þegar það á við til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir þrettán ára aldri. Marel mun finna leiðir til að mæta þörfum starfsfólks á að draga úr vinnu eða breyta eðli verkefna þegar um skerta starfsorku er að ræða, t.d. sökum aldurs eða afleiðinga slysa og/eða veikinda og er þá tekið mið af almennri stefnu fyrirtækisins í þessum málum.

4.4 Endurmenntun

Starfsmönnum er heimilt að sækja endurmenntunarnámskeið í fagtengdum greinum og verja til þess allt að tveimur vinnudögum á hverju ári án skerðingar á föstum launum. Miða skal við að u.þ.b. helmingur námskeiðsstunda sé í eigin tíma starfsmanna. Marel greiðir námskeiðsgjöld skv. viðmiðum fyrirtækisins hverju sinni. Mannauðsstjóri eða yfirmaður framleiðslu samþykkir val og tilhögun námskeiðs í hverju einstöku tilfelli.

Það verði hvatning og metið til hækkunar launa ljúki starfsmaður starfstengdu námi er nýttist í starfi.

4.5 Tryggingar

Slysatrygging starfsmanna í framleiðslu er skv. almennum tryggingarskilmálum um slysatryggingu launþega og með bótafjárhæðum skv. almennum kjarasamningum. Starfsmenn

JK
FM

JK
GNG
veBM

framleiðslu eru frítímaslysatriuggðir og eiga viðbótarrétt til forfallalauna vegna slysa í frítíma skv. gildandi stefnu fyrirtækisins þar um hverju sinni, sjá Viðauka 3.

Komi til þess að starfsmenn Marel teljist skaðabótaskyldir vegna tjóna sem til eru komin vegna slysa eða óhappa sem orðið hafa við vinnu fyrir Marel og sem falla utan trygginga Marel, mun Marel tryggja fjárhagslegt skaðleysi viðkomandi starfsmanna vegna bótakrafna sem hafðar eru uppi gagnvart þeim vegna slíkra tjóna. Þetta á þó ekki við ef tjón verður rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmanns.

4.6 Vinnuferðir

Um skráningu tíma og kostnaðar í vinnuferðum á vegum Marel gilda viðmið fyrirtækisins um skráningu tíma, kostnaðar og dagpeninga í vinnuferðum á vegum Marel sem birtar eru á innri vef. Við breytingar á reglum þurfa samningsaðilar að koma sér saman um innleiðingu.



5. GILDISTÍMI SAMNINGS

Samningur þessi gildir frá 1.04.2020 til 1.5.2023. Leiðréttingar á launatöflu vegna kjarasamningsbundinna hækkanna tóku gildi 1.4.2019. Viðaukar við samning þennan teljast órjúfanlegur hluti af samningi þessum.




Varðandi gildistíma og uppsögn vísast til ákvæða almennra kjarasamninga þar að lútandi.

Reykjavík, 17. desember 2019

f. h. starfsmanna

f. h. Marel Iceland ehf.

Viðaukar við samning þennan:

1. Samningur um vaktafyrirkomulag og laun
2. Frekari skýring á frítímaslysatriuggingu og viðbótarrétti til forfallalauna vegna slysa í frítíma

1. VAKTAFYRIRKOMULAG OG LAUN

Þeir starfsmenn sem vinna á vöktum vinna skv. eftirfarandi fyrirkomulagi:

1. Vinnutími alla virka daga

Vinnutími (viðvera)	Dagvakt: 06:00 – 15:00 = 9:00 Kvöldvakt: 15:00 – 24:00 = 9:00 Aðra hvora viku (í dagvaktavikum) er unninn föstudagur: 06:00 – 14:00 = 8:00 Aðra vikuna: $4 \times 9 + 1 \times 8 = 44$ klst Hina vikuna, án föstudags: $4 \times 9 = 36$ klst Samtals að jafnaði: 40 klst á viku
Neysluhlé	Aðra vikuna: 10×20 mín = 3 klst og 20 mín Hina vikuna, án föstudags: 8×20 mín = 2 klst og 40 mín Samtals að jafnaði: 3 klst á viku
Virkur vinnutími	Á hverju tveggja vikna tímabili er virkur dagvinnutími: 71 klst og 40 mín eða 35 klst og 50 mín að meðaltali á viku. Virkur dagvinnutími er að meðaltali á viku er 35 klst og 50 mín Fastur yfirvinnutími er að meðaltali á viku er 1 klst og 10 mín Samtals er virkur vinnutími (virk dagvinna + föst yfirvinna) á viku: 37:00
Greiddur tími (að jafnaði)	Virk dagvinna: 35 klst og 10 mín Yfirvinna: 1 klst og 10 mín

2. Neysluhlé

Dagleg neysluhlé eru tvö, samtals 40 mínútur alla virka daga nema í vaktarfrí annan hvern föstudag og eru því samtals að jafnaði 3 klst á viku.

3. Greitt álag

Virkar dagvinnustundir í meðalmánuði eru samtals 155,27. Vaktaálag ofan á dagvinnu er 25,10%.

Starfsmenn sem vinna við glerblástur frá greitt 10% álag á dagvinnulaun og yfirvinnulaun vegna óþrifa.

4. Reiknaðar vinnustundir

Um er að ræða níu tíma vaktir mánudaga til fimmtudaga og átta tíma vaktir annan hvern föstudag. Starfsmenn á þessum vöktum eru því með fastan vinnutíma. Þeir skila að jafnaði 35 klst. og 50 mín í virka dagvinnustundir + 1 klst og 10 mín í yfirvinnu + 3 klst í neysluhlé = 40 klst í viðveru viku fast. Öll vinna umfram 40:00 klst viðveru á viku (35 virkar klst og 50 virkar mín) að meðaltali í mánuði skal greidd með yfirvinnukaupi.

FM

Fyrir utan laun fyrir fasta vinnu og samtals 25,1% vaktaálag eru greiddar 15 mínútur í yfirvinnu á dag pr. unna vakt fyrir vaktaskipti-/fataskipti-/þvottagjald.

5. Bifreiðarstyrkur

Greiddur er bifreiðarstyrkur fyrir akstur að og frá vinnu fyrir hverja unna vakt, þó að lágmarki 11,11 km. pr. vakt. Samið er einstaklingsbundið um bifreiðastyrkinn, sem miðast við búsetu og takmarkast við Stór-Reykjavíkursvæðið. Greiðsla fyrir hvern km. er sú sama og ákveðin er af Ferðakostnaðarnefnd ríkisins hverju sinni.

6. Orlof

Í orlofi fá menn dagvinnulaun með álagi. Orlofsprósenta reiknast síðan á alla yfirvinnu.

Reykjavík, 17. desember. 2019

f.h starfsmanna

Kristján Masskius
-in Kornelius

f.h. Marel Iceland ehf

Catrin Þýll Ósmund
Pjetur Reg Magn
Ingólfur Þóri Ágústsson

FREKARI SKÝRING Á FRÍTÍMASLYSATRYGGINGU OG VIÐBÓTARRÉTTI TIL FORFALLALAUNA VEGNA SLYSA Í FRÍTÍMA

Starfsmenn Marel eru frítímaslysaftryggðir. Marel kaupir viðbótatryggingu sem gildir í frítíma. Bótaréttur hennar tekur til ef afleiðingar frítímaslysa leiða til örorku eða andláts. Alla tryggingaskilmála má finna í starfsmannahandbók á MyMarel innraneti Marel.

Starfsmenn Marel eru með viðbótarétt umfram almenna samninga um forfallalaun komi til slysa í frítíma. Réttur til launa vegna veikinda og vinnuslysaforfalla t.d. skv grein 8.1.1. kjarasamnings VM við SA er heildaréttur á 12 mánaða tímabili án tillits til tegundar forfallanna. Réttur til launa vegna frítíma-slysaforfalla er jafn áunninn til veikindaforfalla. Frítímaslysaréttur er sjálfstæður réttur og skerðir ekki annan forfallarétt starfsmanna. Í tilfelli slysa í frítíma vinnur Marel út frá eftirfarandi:

- Tilkynna forföll á fyrsta degi sem starfsmaður er frá vinnu, tilgreina ástæðu s.s. nefna að sé vegna slyss í frítíma
- Ávalt skal afhenda vottorð, áverkavottorð eða læknisvottorð.
- Marel getur vísað starfsmanni í samtal til Heilsuvernd til að meta vinnufærni að loknu slysatímabili.
- Öll frítímaslys skal skrá líkt og um vinnuslys væri að ræða. Starfsmaður skal láta fulltrúa frá Öryggisnefnd vita og tryggja að skráning slyss eigi sér stað.

Viðbótaréttur þessi er reglulega til endurskoðunar og getur verið felldur úr gildi skv. mati Marel og trúnaðarráðs Marel óháð gildistíma samnings þessa.

FMA